

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Rekagrandi 14, leikskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. ágúst 2020, breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði, vegna lóðarinnar nr. 14 við Rekagranda. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annars vegar byggingarreitur fyrir færanlegar stofur og hins vegar byggingarreitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi, auk snúningsreits, verða aflögð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Suður-Mjódd.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 21. ágúst 2020, breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarsel, íþróttasvæði ÍR. Í breytingunni felst að byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingarreitur að norðaustan minnkar um 18 metra auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7 metra, aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarreits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knattúsi með þjónustuaðkomu og afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hraunbær 103A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. maí 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar 103-105 vegna lóðarinnar nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst að heimilt verður að hafa þakgarða á hluta þaks yfir 5. og 7. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Ánaland 2-4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. ágúst 2020, breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Ánaland. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til suðurs og austurs til að koma fyrir einnar hæðar viðbyggingu við húsið með þaksvölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 25. september 2020.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2020